

**Leiðrétting á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/384/EB frá 27. apríl 2004 um hluta af efni einfaldaðar útboðslýsingar eins og kveðið er á um í fylgiskjali C í I. viðauka við tilskipun ráðsins 85/611/EBE**

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 144 frá 30. apríl 2004)

**Tilmæli 2004/384/EB verði svohljóðandi:**

**TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

**2008/EES/10/17**

**frá 27. apríl 2004**

**um hluta af efni einfaldaðrar útboðslýsingar eins og kveðið er á um í fylgiskjali C í I. viðauka við tilskipun ráðsins 85/611/EBE (\*)**

(tilkynnt með númeri C(2002) 1541/2)

(2004/384/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í því skyni að auka skilvirkar fjárfestaupplýsingar voru ákvæði varðandi einfaldaða útboðslýsingu tekin upp með tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnáslu-fyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum<sup>(1)</sup> með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB<sup>(2)</sup>. Einfaldaðri útboðslýsingu er ætlað að gefa skýrar upplýsingar um þau meginatriði sem fjárfesti þarf að vera kunnugt um áður en hann fjárfestir í sjóði og vera auðskiljanleg almennum fjárfestum. Einfölduð útboðslýsing á einnig að auðvelda markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs yfir landamæri og nota skal hana sem tæki til markaðssetningar í gervöllu Bandalaginu. Í ákvæðunum sjálfum er lögð áhersla á að gístiaðildarríkjunum er ekki heimilt að biðja um viðbætur eða breytingar aðrar en þýðingar.

2) Til að tryggja skilvirgni þessa lykilorðar fjárfestaverndar er æskilegt að skýra innihald og framsetningu sumra upplýsingaþáttanna sem skulu koma fram í einfaldaðri útboðslýsingu, samkvæmt fylgiskjali C í I. viðauka við tilskipun 85/611/EBE. Þetta er afar þýðingarmikið til að tryggja sameiginlega túlkun á efni fylgiskjals C og þarf að gerast á eins víðeigandi hátt og eins tímanlega og unnt er að teknu tilliti til nýlegs lögleiðingarferlis í aðildarríkjunum og að þörf er á viðhlítandi framkvæmd.

3) Með það í huga myndi það eitt að útskýra skilgreiningar, sem tengjast efni viðkomandi undirliða í fylgiskjali C, ekki nægja til að ná fram nauðsynlegu samræmingarstigi, sem einkum tengist í raun vali og skilgreiningu á sumum hlutföllum er varða fjárhagslegar upplýsingar (þ.e. kostnað og veltu eignasafns). Afar þýðingarmikið er að fastsetja þessi hlutföll vegna mikilvægis þeirra í upplýsingum til fjárfesta en það fellur ekki undir eftirlitsvaldið sem framkvæmdastjórninni er falið, skv. 53. gr. a tilskipunar 85/611/EBE. Þar sem framkvæmdavaldið sem framkvæmdastjórninni er falið með tilskipuninni felur ekki í sér hvaða hlutfall er valið eða hvert það er eru tilmæli framkvæmdastjórnarinnar um stundarsakir eini tilmæli gerningurinn sem styður sameiginlega, ítarlega túlkun á viðkomandi efni í fylgiskjali C.

4) Fjárfestar skulu upplýstir með lýsingu á fjárfestingamarkmiði verðbréfasjóðsins um það fjárfestingarmarkmið sem verðbréfasjóðurinn hyggst ná. Af þeim sökum er æskilegt að í einfaldaðri útboðslýsingu komi fram, í stuttu máli, víðeigandi lýsing á niðurstöðum sem markmiðið er að ná með fjárfestingunni, upplýsingar um hugsanlegar ábyrgðir þriðju aðila sem vernda fjárfesta, t.d. gegn gengisfalli eða lágmarksaukningu á virði fjárfestingarinnar og upplýsingar um markmið með vísitöluviðmiðunum.

5) Í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 24. gr. a tilskipunar 85/611/EBE, skal lýsingin á fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins í einfaldaðri útboðslýsingu vera á þá leið að almennur fjárfestir skilji með hvaða hætti og aðferð er gert ráð fyrir að fjárfestingamarkmiði sé náð og vakin skal athygli fjárfesta á viðkomandi eiginleikum verðbréfasjóðsins. Af þeim sökum er æskilegt að í einfaldaðri útboðslýsingu sé í stuttu máli gert ljóst hverjir séu helstu flokkar gerninga sem koma til greina, stefnan í stýringu eignasafns verðbréfasjóðsins, með því að beina athyglinni að hugsanlegri samsöfnun áhættuþátta, þar sem við á, og helstu eiginleikar þeirra skuldabréfa sem verðbréfasjóðurinn fjárfestir í. Einnig er æskilegt að í einfaldaðri útboðslýsingu séu upplýsingar um afleidda fjármálagerninga, stýringaraðferðir og þá aðferð sem beitt er til að ná markmiðinu sem grundvallast á vísitöluviðmiðun þegar um er að ræða vísitölugengda sjóði.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjút. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 16.

(<sup>1</sup>) Stjút. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3: Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjút. EB L 41, 13.2.2001, bls. 35).

(<sup>2</sup>) Stjút. EB L 41, 13.2.2001, bls. 20.

6) Samkvæmt verndarráðstöfununum, sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. 24. gr. a tilskipunar 85/611/EBE, skal gera almennum fjárfesti fært að skilja áhættulýsingu verðbréfasjóðs og upplýsa hann á viðunandi hátt um viðkomandi áhættueinkenni. Það er því æskilegt að einfölduð útboðslýsing hafi að geyma stutta og auðskiljanlega lýsingu, sem er sett fram í greinargerð, um alla mikilvæga áhættuþætti sem varða verðbréfasjóðinn Einnig er ráðlegt að hvetja aðildarríki, ef þau telja það viðeigandi í ljósi þess hver venjan er, að birta þær upplýsingar og stefnu um fjárfestavernd sem fyrir hendi er, að krefjast þess að þessum upplýsingum fylgi mælikvarði um umfang áhættu sem byggist á óstöðugleika verðbréfasjóðsins en með fyrirvara um að vinna að frekari samleitni varðandi slíkan áhættumælikvarða.

7) Til að koma í veg fyrir villandi upplýsingar fyrir fjárfesta um fyrri árangur og til að efla samanburðarhæfi verðbréfasjóða fyrir fjárfesta innan Bandalagsins er nauðsynlegt að skýra hvernig fyrri árangur skuli settur fram.

8) Til glöggvunar og einföldunar á einfaldaðri útboðslýsingu er æskilegt að upplýsingar um skattakerfi takmarkist við það skattakerfi sem gildir um verðbréfasjóðinn í heimaaðildarríki hans. Til að greiða fyrir eðlilegum fjárfestaupplýsingum er hins vegar rétt að með þessum upplýsingum fylgi viðvörðun um að frekari skattlagning kunni að gilda um einstaka fjárfesta, að teknu tilliti til þess að skattlagning einstakra fjárfesta sé háð skattareglum sem gilda um þeirra tiltekna mál.

9) Til að tryggja skilvirka fjárfestavernd og auka tiltrú fjárfesta á starfsemi sjóða er æskilegt að einfölduð útboðslýsing sé alveg gegnsæ með tilliti til alls þess kostnaðar sem fjárfestar bera í raun í tengslum við fjárfestingu sína. Í þessu skyni er nauðsynlegt að tilgreina heildarkostnaðarhlutfall (TER) sem reiknast sem vísbending um heildarrekstrarkostnað sjóðsins. Því er einnig nauðsynlegt að útskýra hvernig reikna skuli heildarkostnaðarhlutfallið. Þar sem kaup- og sölupóknun og annar kostnaður, sem fjárfestir greiðir beint, er ekki innifalinn í heildarkostnaðarhlutfallinu er æskilegt að hann sé sýndur sérstaklega, svo og allur annar kostnaður sem ekki fellur undir heildarkostnaðarhlutfall, þ.m.t. birting upplýsinga um viðskiptakostnað þegar lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu telja að hann eigi að vera aðgengilegur. Hvað sem öðru líður er æskilegt að tilgreina veltuhlutfall eignasafns sem reiknað er á stöðluðum grundvelli sem viðbótarvísbendingu um mikilvægi viðskiptakostnaðar.

10) Með tilliti til mismunandi markaðsvenja að því er varðar samninga um þóknunaskiptingu og sambærilegt þóknanaþyrirkomulag er rétt að greina fjárfestum nægilega vel frá þeim. Til að auka gagnsæi fyrir fjárfesta er því nauðsynlegt að fram komi í einfaldaðri útboðslýsingu hvort einhverjir slíkir samningar eða þyrirkomulag eru fyrir hendi. Einnig er ráðlegt að bjóða

fjárfestum að skoða óstytta útboðslýsingu svo að þeir fái nákvæmar upplýsingar um þyrirkomulag sem þetta, og ætti að gera þeim kleift að skilja hverjum er greiddur kostnaður og hvort hugsanlegir hagsmunaaðreksrar verði leystir með hagsmunum þeirra í huga.

11) Skapa þarf meiri skilning á þörfum fjárfesta með tilliti til vöruupplýsinga og samanburðarhæfi yfir landamæri, einnig í ljósi neytendarannsókna á innlendum mörkuðum, til að styrkja raunverulegan, fjárfestavænan innri markað fyrir verðbréfasjóði. Af þeim sökum skulu aðildarríki annast, að svo miklu leyti sem unnt er, frekari prófanir á ráðstöfunum sem gerðar eru á þessu sviði, einkum samkvæmt þessum tilmælum, og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um það. Framkvæmdastjórnin getur tekið til athugunar, þegar þar að kemur, hvort þörf sé á að leggja fram tillögu um lagaákvæði svo að hægt sé að byggja á reynslu og upplýsingaflæði aðildarríkja um framkvæmd þessara tilmæla,

#### LAGT TIL EFTIRFARANDI:

1. **Að því er varðar fjárfestingaupplýsingarnar, sem um getur í annarri fyrirsögn fylgiskjals C í I. viðauka við tilskipun 85/611/EBE, er mælt með því að aðildarríki noti eftirfarandi túlkunir:**

1.1. **Túlkun á „stutt skilgreining á markmiðum verðbréfasjóðsins“**

Í fyrsta undirlíð er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau túlki „stutt skilgreining á markmiðum verðbréfasjóðsins“ samkvæmt eftirfarandi upplýsingum:

a) hnitmiðuð og viðeigandi lýsing á þeim niðurstöðum sem leitast er við að ná að því er varðar allar fjárfestingar í verðbréfasjóðnum,

b) nákvæm yfirlýsing um tryggingar sem þriðju aðilar bjóða til að vernda fjárfesta og allar takmarkanir á þeim tryggingum,

c) yfirlýsing, þar sem við á, um að verðbréfasjóðnum sé ætlað að miða við vísitölu/vísitölur og fullnægjandi upplýsingar svo að fjárfestar geti borið kennsl á viðeigandi vísitölu/vísitölur og skilið að hve miklu leyti miðað er við hana/þær.

1.2. **Túlkun á „fjárfestingarstefna fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélagsins“**

Í öðrum undirlíð er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau túlki „fjárfestingarstefna fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélagsins“ samkvæmt eftirfarandi upplýsingum, að því tilskildu að það skipti máli og eigi við:

a) helstu flokkar viðurkenndra fjármálagerninga sem fjárfest er í.

b) hvort verðbréfasjóðurinn fylgi tiltekinni stefnu varðandi einhverjar atvinnugreinar, landfræðileg eða önnur markaðssvið eða tiltekna flokka eigna, t.d. fjárfestingar í fjármálagerningum í nývaxtarlöndum,

- c) viðvörðun um, þar sem við á, að þótt krafist sé að raunveruleg samsetning eignasafns sé í samræmi við lagareglur og ákveðin mörk, á breiðum grundvelli, kann áhættan að verða meiri vegna tiltekinnar afmarkaðra eignaflokka, atvinnugreina og landsvæða,
- d) ef verðbréfasjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum, upplýsingar um hvort um er að ræða fyrirtækjaskuldabréf eða ríkisskuldabréf, gildistíma þeirra og kröfur um lánshæfismat,
- e) ef verðbréfasjóðurinn notar afleidda fjármálagerninga, upplýsingar um hvort það sé gert í samræmi við markmið verðbréfasjóðsins eða eingöngu til að verjast áhættu,
- f) hvort stýringaraðferðir verðbréfasjóðsins vísi til einhvers konar viðmiðunar, einkum hvort verðbréfasjóðurinn hefur sett sér markmið sem grundvallast á „vísitöluviðmiðun“ með upplýsingum um þá stefnu sem skal framfylgt til að ná því,
- g) hvort stýringaraðferðir verðbréfasjóðsins byggist á skipulagðri eignaskiptingu með tíðum leiðréttingum á eignasafni.

### 1.3. Sameiginleg kynning á markmiðum og fjárfestingastefnu verðbréfasjóðsins

Þeim tilmælum er beint til heimaaðildarríkja að þau heimili að þær upplýsingar, sem krafist er samkvæmt liðum 1.1 og 1.2, séu settar fram í einum lið í einfaldaðri útboðslýsingu (t.d. upplýsingarnar um vísitöluviðmiðunina), að því tilskildu að upplýsingar sem þannig eru dregnar saman valdi ekki ruglingi varðandi markmið og stefnu verðbréfasjóðsins. Hægt er að breyta því í hvaða röð upplýsingaliðirnir eru svo að þeir endurspegli sérstök fjárfestingamarkmið og -stefnu verðbréfasjóðsins.

### 1.4. Túlkun á „stutt greinargerð um áhættulýsingu sjóðsins“

Í öðrum undirlíð er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau túlki „stutt greinargerð um áhættulýsingu sjóðsins“ samkvæmt eftirfarandi upplýsingum:

#### 1.4.1. Heildarskipulag veittra upplýsinga

- a) yfirlýsing þess efnis að virði fjárfestinga geti jafnt lækkað sem hækkað og að fjárfestar geti fengið minna til baka en þeir lögðu fram,
- b) yfirlýsing um að ítarlegar upplýsingar um alla þá áhættu sem greint er frá í einfaldaðri útboðslýsingu sé að finna í óstyttri útboðslýsingu,
- c) rituð lýsing á allri áhættu sem fjárfestar standa andspænis í tengslum við fjárfestingu sína þó aðeins ef slík áhætta á við og skiptir máli ef litið er til áhrifa og líkinda.

#### 1.4.2. Nákvæmni varðandi ritaða lýsingu á áhættu

##### 1.4.2.1. Tiltekin áhætta

Í lýsingunni sem um getur í c-lið liðar 1.4.1 skal vera stutt og skiljanleg skýring á því hvort rekja megi tiltekna áhættu til tiltekinnar fjárfestingastefna eða aðferða eða hvort hún tengist sérstökum mörkuðum eða eignum er varða verðbréfasjóðinn, s.s.:

- a) sú áhætta að heildarmarkaður eignaflokks muni dragast saman og hafi þar með áhrif á verð og verðmæti eigna (markaðsáhætta),
- b) sú áhætta að útgefandi eða mótaðili standi ekki við greiðslur (greiðslufallsáhætta),
- c) sú áhætta að uppgjör í millifærslukerfi gerist ekki eins og vænst var vegna þess að mótaðili greiðir ekki eða afgreiðir á réttum tíma eða eins og vænst var (uppgjörssáhætta), þó einungis þar sem það á beinlínis við,
- d) sú áhætta að ekki sé hægt að innleysa stöðu tímanlega á sanngjörnu verði (lausafjáráhætta),
- e) sú áhætta að gengisbreytingar (gengis- eða gjaldmiðilsáhætta) hafi áhrif á verðmæti fjárfestingarinnar,
- f) áhættan á að eignir sem eru í vörslu tapist við gjaldþrot, vanrækslu eða sviksamlegar aðgerðir vörsluaðila eða undiraðila hans (vörsluáhætta), þó einungis þar sem það á beinlínis við,
- g) áhætta sem tengist samþjöppun eigna eða markaða.

#### 1.4.2.2. Láréttir áhættuþættir

Í lýsingunni sem um getur í c-lið liðar 1.4.1 skal einnig tilgreina, þar sem það á við og skiptir máli, eftirfarandi þætti sem geta haft áhrif á vöruna:

- a) árangurstengd áhætta, þ.m.t. breytileiki áhættustigs sem ræðst af vali á einstökum sjóðum og hvort tryggingar þriðju aðila séu fyrir hendi eða hvort á þeim hvíli takmarkanir,
- b) fjármagnsáhætta, þ.m.t. hugsanleg hættu á skerðingu vegna innköllunar/óggildingar á hlutdeildarskrifteinum og útgreiðslum umfram fjárfestingatekjur,
- c) árangurstengd áhætta vegna árangurs veitanda/þriðja aðila sem veitir ábyrgðir þar sem fjárfesting í vörunni felur í sér beina fjárfestingu í veitandanum en ekki eignum veitanda,
- d) ósveigjanleiki, bæði hvað vöruna sjálfa snertir (þ.m.t. áhætta vegna uppsagnar) og hömlur á því að hægt sé að færa sig til annarra veitanda,
- e) verðbólguáhætta,
- f) óvissa um það hvort umhverfiþættir, s.s. skattakerfi, verði óbreyttir.

#### 1.4.2.3. Hugsanleg forgangsröðun í birtingu upplýsinga

Til að koma í veg fyrir að gefin sé villandi mynd af áhættunni, sem um er að ræða, er þeim tilmælum einnig beint til aðildarríkja að þau hugleiði að gera kröfu um að upplýsingaliðirnir verði settir fram í röð miðað við umfang þeirra og mikilvægi til að leggja meiri áherslu á áhættulýsingu þessa tiltekna verðbréfasjóðs.

#### 1.4.3. Viðbótarupplýsingar um tilbúinn áhættumælikvarða

Sé a.m.k. eitt ár liðið frá stofnun verðbréfasjóðsins eru heimaaðildarríkin einnig hvött til að skoða þann möguleika að krefjast þess að með lýsingunni, sem um getur í c-lið liðar 1.4.1., fylgi tilbúinn mælikvarði á áhættu í aðeins einni tölu eða orði sem grundvallast á óstöðugleika eignasafns verðbréfasjóðsins og í því tilvik:

- skal óstöðugleiki eignasafns verðbréfasjóðsins vera mælikvarði á ávöxtunardreifingu verðbréfasjóðsins,
- skal ávöxtun verðbréfasjóðsins reiknuð að teknu tilliti til verðmætis hreinnar eignar (NAV) verðbréfasjóðsins í heild á tilteknu tímabili, t.d. daglegt verðmæti hreinnar eignar ef það er venjulega reiknað daglega og lögbær yfiröld verðbréfasjóðsins hafa samþykkt það, og reiknast það með því að meta eignir verðbréfasjóðsins jafnoft.

#### 1.5. Túlkun á „fyrri árangur fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingafélagsins (eftir því sem við á)“

Í þriðja undirlið er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau túlki „fyrri árangur fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingafélagsins (eftir því sem við á)“ með „viðvörðun um að ekki megi álykta út frá honum um árangur hans í framtíðinni“ samkvæmt eftirfarandi upplýsingum:

##### 1.5.1. Upplýsingar um fyrri árangur:

- fyrri árangur verðbréfasjóðsins, settur fram í súluriti sem sýnir ársávöxtun fyrir næstliðin tíu heil, samfelld ár. Ef verðbréfasjóðurinn hefur verið starfræktur skemur en í tíu ár en í a.m.k. eitt ár er mælt með því að ársávöxtun, reiknuð án skatta og gjalda, sé gefin upp fyrir eins mörg ár og liggja fyrir,
- ef verðbréfasjóði er stýrt samkvæmt viðmiðun eða ef kostnaðarsamsetning felur í sér árangurstengda þóknun sem er háð viðmiðun skulu upplýsingarnar um fyrri árangur verðbréfasjóðsins fela í sér samanburð á fyrri árangri þeirrar viðmiðunar sem verðbréfasjóðnum er stýrt samkvæmt eða árangurstengd þóknun er reiknað eftir. Þeim tilmælum er beint til aðildarríkja að þau krefjist samanburðar með því að setja fram fyrri árangur með þeirri viðmiðun og viðmiðun verðbréfasjóðsins í sama súluriti og/eða hvort í sínu lagi.

##### 1.5.2. Upplýsingar um uppsafnaðan (meðaltals)árangur

Að auki er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau skoði þann möguleika að gera kröfu um veitingu upplýsinga, annaðhvort um uppsafnaðan árangur eða uppsafnaðan meðalárangur sjóðsins á tilteknu tímabili (s.s. fyrir þrjú, fimm og tíu ár). Í því tilvik að annar hvor þessara valkosta sé notaður er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau krefjist þess að samanburður verði gerður á uppsöfnuðum árangri eða uppsöfnuðum meðalárangri viðmiðsins (eftir því sem við á) þegar krafist er samanburðar við viðmiðun skv. b-lið liðar 1.5.1.

#### 1.5.3. Áskriftar- og innlausnarþóknarnir undanskildar, með fyrirvara um birtingu viðeigandi upplýsinga

Með tilliti til gildandi eftirlitsstaðla er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau skoði hvort krefjast skuli þess að áskriftar- og innlausnargjöld séu innifalin í útreikningi á árangri sjóðsins eða ekki. En aðildarríki skulu krefjast þess að þessar upplýsingar séu undanskildar háð (eftir því sem við á) viðeigandi yfirlýsingu þar sem vakin er athygli á þessari staðreynd. Einnig er mælt til þess að aðildarríki hvetji lögbær yfirvöld sín til að tryggja stíghækkandi samleitni staðla í samræmi við bestu starfsvenjur við útreikning á árangri.

#### 1.5.4. Birting upplýsinga um viðmiðun

Aðildarríki eru einnig hvött til að skoða þann möguleika að krefjast upplýsinga um viðmiðun fyrir alla verðbréfasjóði sem hefur verið veitt leyfi í lögsögu þeirra, óháð því að fjárfestingamarkmið verðbréfasjóðanna vísi ekki ótvírætt í viðmiðunina.

## 2. Að því er varðar efnahagsupplýsingarnar, sem um getur í þriðju fyrir sögn fylgiskjals C í I. viðauka við tilskipun 85/611/EBE, er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau noti eftirfarandi túlkarnir:

### 2.1. Túlkun á „skattakerfi“

Í fyrsta undirlið er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau túlki „skattakerfi“ samkvæmt eftirfarandi upplýsingum:

- skattakerfið sem gildir um verðbréfasjóðinn í heimaaðildarríki hans,
- yfirlýsing þar sem minnt er á að kerfi fyrir skattlagningu tekna eða söluhagnaðar sem einstakir fjárfestar fá er háð gildandi skattalögum um persónulegar aðstæður einstakra fjárfesta og/eða staðarins þar sem fjármagnið er fest og að ef fjárfestar eru óvissir um skattstöðu sína skulu þeir leita ráða hjá sérfræðingum eða fá upplýsingar hjá staðbundnum stofnunum þar sem þær er fyrir hendi.

### 2.2. Túlkun á „kaup- og sölubóknun“ og „annar hugsanlegur kostnaður eða gjöld“

#### 2.2.1. Heildarefni veittra upplýsinga

Í öðrum og þriðja undirlið er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að túlka „kaup- og sölubóknun“ sjóðsins og „annar hugsanlegur kostnaður eða gjöld, þar sem greint er á milli þeirra sem handhafi hluteildarskírteina greiðir og þeirra sem greidd eru af eignum fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélagsins“, samkvæmt eftirfarandi upplýsingum:

- birting upplýsinga um heildarkostnaðarhlutfall, reiknað eins og tiltekið er í I. viðauka nema þegar um er að ræða nýstofnaða verðbréfasjóði sem enn er ekki hægt að reikna heildarkostnaðarhlutfall fyrir,

- b) á grundvelli væntrar kostnaðarsamsetningar, þ.e. vísbending um allan tiltækan kostnað, samkvæmt skránni sem sett er fram í I. viðauka, til þess að fjárfestar fái sanngjarnt mat á væntanlegum kostnaði að svo miklu leyti sem það er unnt,
- c) allar kaup- og sölubóknanir og annar kostnaður sem fjárfestir greiðir beint,
- d) vísbending um allan annan kostnað sem ekki er innifalinn í heildarkostnaðarhlutfalli, þ.m.t. birting upplýsinga um viðskiptakostnað þegar lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu telja að hann eigi að vera aðgengilegur,
- e) veltuhlutfall verðbréfasafns sem viðbótarvísbending um mikilvægi viðskiptakostnaðar, reiknuð eins og sýnt er í II. viðauka,
- f) vísbending um að fyrir hendi séu samningar um þóknanaaskiptingu og viðbótargreiðslur (soft commissions).

Kröfuna sem sett er fram í f-lið fyrstu málsgreinar skal ekki túlka á þá leið að um sé að ræða almenna fullgildingu á því að einstakir samningar eða þóknarir séu í samræmi við tilskipun 85/611/EBE, einkum b-lið 1. mgr. 5. gr. f, eða innlendar reglugerðir. Með hliðsjón af núverandi markaðsvenju eru aðildarríkin því hvött til að krefjast þess að verðbréfasjóðir hugi að því að hve miklu leyti samningar um þóknanaaskiptingu sem fyrir hendi eru og sambærilegt þóknanaþyrirkomulag sé eingöngu í þágu verðbréfasjóðsins.

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkja að í einfaldaðri útboðslýsingu sé vísað í óstytta útboðslýsingu til að fá nákvæmar upplýsingar um þess konar þyrirkomulag, sem ætti að vera fjárfestum til skilnings á því hverjir eiga að fá greidd gjöld og hvernig hugsanlegir hagsmunaárekstrar verði leystir svo að það þjóni sem best þeirra hagsmunum. Af þessum sökum er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau tryggi að upplýsingar sem koma fram í einfaldaðri útboðslýsingu verði áfram nákvæmar.

## 2.2.2 *Nákvæmni að því er varðar hugtökin „samningar um þóknanaaskiptingu“ og „óbeinar þóknarir“*

### 2.2.2.1 Skilgreining á „samningar um þóknanaaskiptingu“

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkja að þau skilgreini og flokki sem samninga um þóknanaaskiptingu þá samninga þar sem kveðið er á um að aðili sem fær greidda þóknun, annaðhvort beint eða óbeint af eignum verðbréfasjóðs, fallist á að skipta þóknun sinni með öðrum aðila og að sá aðili greiði þau gjöld, samkvæmt þessum samningi um þóknanaaskiptingu, sem venjulega væru greidd, annaðhvort beint eða óbeint, af eignum verðbréfasjóðsins.

Enn fremur er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau líti á eftirfarandi sem samninga um þóknanaaskiptingu í skilningi framangreindrar málsgreinar:

- a) samninga um þóknanaaskiptingu um viðskiptakostnað milli rekstrarfélags verðbréfasjóðs og miðlara þar sem miðlarinn samþykkir að deila viðskiptaþóknuninni, sem verðbréfasjóðurinn greiðir miðlaranum fyrir vinnslu viðskipta fyrir verðbréfasjóðinn, með rekstrarfélaginu,
- b) samninga um þóknanaaskiptingu sjóðasjóða milli rekstrarfélags verðbréfasjóðs og annars sjóðs (eða rekstrarfélags hans) þar sem marksjóðurinn (eða rekstrarfélag hans) greiðir, ef verðbréfasjóðurinn fjárfestir í sjóðnum, rekstrarfélagi verðbréfasjóðsins hluta þóknunarinnar vegna þessarar fjárfestingar (annaðhvort beint – áskriftar-/innlausnarþóknarir – eða óbeint – heildarkostnaðarhlutfall).

### 2.2.2.2. Skilgreining á „óbeinar þóknarir“

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkja að þau skilgreini sem óbeinar þóknarir allan efnahagslegan ávinning, að undanskilinni þjónustu vegna greiðsluþjónunar og framkvæmdar, sem sjóðsstjóri fær í tengslum við viðskiptaþóknun sem sjóðurinn greiðir vegna eignasafns sjóðsins. Óbeinar þóknarir eru venjulega fengnar frá eða í gegnum miðlarann sem annast viðskiptin.

### 2.2.3. *Framsetning heildarkostnaðarhlutfalls og veltuhlutfalls eignasafns*

Aðildarríki eru hvött til að leyfa að bæði heildarkostnaðarhlutfall og veltuhlutfall eignasafns sé annaðhvort talið með eða fylgi með einfaldaðri útboðslýsingu í sama skjali og upplýsingar um fyrri árangur.

- 3. Aðildarríkin eru beðin um að tilkynna framkvæmdastjórninni, ef kostur er, eigi síðar en 30. september 2004 um hugsanlegar ráðstafanir sem þau hafa gert í kjölfar þessara tilmæla og að þau tilkynni henni um fyrstu niðurstöður framkvæmdarinnar, eftir því sem þeim er unnt, eigi síðar en 28. febrúar 2005.

- 4. Þessum tilmælum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

## I. VIÐAUKI

## Heildarkostnaðarhlutfall (TER)

## 1. Skilgreining á heildarkostnaðarhlutfalli:

Heildarkostnaðarhlutfall verðbréfasjóðs er jafnhátt hlutfalli heildarrekrarkostnaðar af hreinum meðaleignum verðbréfasjóðsins og er reiknað skv. 3. málsgrein.

## 2. Innifalinn/Undanskilinn kostnaður

## 2.1 Heildarrekrarkostnaður er öll útgjöld sem koma til frádráttar á eignum verðbréfasjóðs.

Þessi kostnaður er venjulega sýndur á rekstrarreikningi verðbréfasjóðs fyrir viðkomandi reikningstímabil. Hann er metinn miðað við það að allir skattar eru innifaldir sem þýðir að styðjast skal við brúttóvirði útgjalda.

2.2 Innifalið í honum eru öll lögmæt útgjöld verðbréfasjóðsins, óháð því út frá hvaða grunni þau eru reiknuð (t.d. flöt þóknun, eignatengd þóknun, viðskiptatengd þóknun<sup>(1)</sup>), s.s.:

- rekrarkostnaður, þ.m.t. árangurstengdar þóknanir,
- stjórnunarkostnaður,
- þóknanir vegna verðbréfavörslu,
- þóknun vegna endurskoðunar,
- greiðslur til þeirra sem veita hluthöfum þjónustu, þ.m.t. greiðslur til umsýsluaðila verðbréfasjóðsins og greiðslur til verðbréfamíðlara sem halda skrár yfir hlutabréf verðbréfasjóðsins og sem veita raunverulegum eigendum hlutabréfa verðbréfasjóðsins undirbókhaldsþjónustu,
- greiðslur til lögfræðinga,
- allur kostnaður vegna dreifingar eða ógildingar á hlutdeildarskrteinum sem gjaldfærður er á sjóð,
- skráningargjöld, eftirlitsgjöld og önnur svipuð gjöld,
- öll viðbótarþóknun rekstrarfélagsins (eða annars aðila) sem samsvarar tilteknum samningum um þóknaskiptingu skv. 4. lið hér á eftir.

## 2.3 Í heildarrekrarkostnaði felst ekki:

- viðskiptakostnaður sem er kostnaður sem verðbréfasjóðurinn stofnar til í tengslum við viðskipti með eignasafn sitt. Innifalið í honum eru þóknanir til miðlara, skattar og tengd gjöld og markaðsáhrif viðskiptanna að teknu tilliti til þóknunar til miðlara og seljanleika viðkomandi eigna,
- vextir á lánum,
- greiðslur sem stofnað er til vegna afleiddra fjármálagerninga,
- kaup- og sölubóknun eða aðrar þóknanir sem fjárfestirinn greiðir beint,
- óbeinar þóknanir í samræmi við 4. lið.

## 3. Aðferðir og birting útreiknings:

## 3.1 Heildarkostnaðarhlutfall er reiknað eftir á, a.m.k. einu sinni á ári, og er venjulega miðað við reikningsár verðbréfasjóðsins. Í sérstökum tilgangi má líka reikna það fyrir önnur tímabil. Í einfaldaðri útboðslýsingu skal í öllum tilvikum vera greinileg vísun í hvar upplýsingar er að finna (t.d. vefsetur sjóðsins) þar sem fjárfestirinn getur fengið tölur um heildarkostnaðarhlutfall frá fyrri árum eða tímabilum.

## 3.2 Hrein meðaleign reiknast með tölum sem grundvallast á hreinni eign verðbréfasjóðsins við hvern útreikning á virði hreinnar eignar, t.d. dagleg hrein eign ef virði hreinnar eignar er venjulega reiknað daglega eins og lögbær yfirvöld verðbréfasjóðsins hafa samþykkt. Einnig þarf að taka tillit til frekari aðstæðna eða atburða sem gætu gefið villandi upplýsingar um tölur.

Ekki skal tekið tillit til skattaávilnana.

Aðferðin sem notuð er við útreikning á heildarkostnaðarhlutfalli skulu endurskoðendur og/eða lögbær yfirvöld verðbréfasjóðsins hafa viðurkennt.

<sup>(1)</sup> Þessi flokkun á útreikningsgrundvelli sem ekki er tæmandi endurspeglar fjölbreytni nýrra viðskiptahátta í aðildarríkjum (þ.e. í lok ársins 2003) og ber ekki að túlka á þá leið að um sé að ræða almenna fullgildinguna á því að stakir samningar eða þóknanir séu í samræmi við tilskipun 85/611/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipunum 2001/107/EB og 2001/108/EB, einkum b-lið 1. mgr. 5. gr. f, eða í samræmi við innlendar reglugerðir.

#### 4. Samningar um þóknunaskiptingu og óbeinar þóknanir:

Oft leiðir það af samningum um þóknunaskiptingu vegna útgjalda, sem venjulega eru ekki innifalin í heildarkostnaðarhlutfalli, að rekstrarfélag eða annar aðili greiði í reynd, að fullu eða að hluta, rekstrarkostnað sem venjulega ætti að vera innifalinn í heildarkostnaðarhlutfalli. Því skal tekið tillit til þess þegar heildarkostnaðarhlutfall er reiknað með því að bæta við heildarrekstrarkostnaðinn allri þóknun rekstrarfélagsins (eða annars aðila) sem leiðir af samningum um þóknunaskiptingu.

Engin ástæða er til að taka tillit til samninga um þóknunaskiptingu vegna útgjalda sem þegar falla undir heildarkostnaðarhlutfall. Óbeinar þóknanir skulu einnig vera utan heildarkostnaðarhlutfalls.

Þar af leiðandi:

- skal í öllum tilvikum, þegar reiknað er heildarkostnaðarhlutfall, tekið tillit til þóknunar rekstrarfélags, samkvæmt samningi um þóknunaskiptingu við miðlara vegna viðskiptakostnaðar og við önnur rekstrarfélög sjóða ef um er að ræða sjóðasjóði (ef ekki hefur þegar verið tekið tillit til þessarar þóknunar í tilbúnu heildarkostnaðarhlutfalli eða með öðrum kostnaði sem þegar hefur verið gjaldfærður á sjóðinn og er því beinlínis innifalinn í heildarkostnaðarhlutfalli),
- skal á hinn bóginn ekki tekið tillit til þóknunar rekstrarfélags samkvæmt samningi um þóknunaskiptingu (nema þegar þessi þóknun fellur undir gildissvið hins sérstaka sjóðasjóðs sem fjallað er um í undirlitnum hér að framan).

#### 5. Árangurstengdar þóknanir:

Árangurstengdar þóknanir skulu innifaldar í heildarkostnaðarhlutfalli og skulu einnig sýndar sérstaklega sem hlutfall af verðmæti hreinnar meðaleignar.

#### 6. Verðbréfasjóður fjárfestir í verðbréfasjóðum eða í sjóðum sem ekki eru verðbréfasjóðir:

Þegar verðbréfasjóður fjárfestir a.m.k. 10 % af verðmæti hreinnar eignar sinnar í öðrum verðbréfasjóðum eða í sjóðum sem ekki eru verðbréfasjóðir sem birta heildarkostnaðarhlutfall, samkvæmt þessum viðauka, skal tilbúið heildarkostnaðarhlutfall, sem svarar til þeirrar fjárfestingar, tilgreint.

Tilbúið heildarkostnaðarhlutfall jafngildir hlutfallinu af:

- heildarrekstrarkostnaði verðbréfasjóðsins sem kemur fram í heildarkostnaðarhlutfalli hans og allur kostnaður sem verðbréfasjóðurinn þarf að greiða vegna eignarhlutdeildar í undirliggjandi sjóðum (þ.e. sá kostnaður sem kemur fram í heildarkostnaðarhlutfalli fyrir undirliggjandi sjóði, metinn á grundvelli fjárfestingarhluta verðbréfasjóðsins), ásamt áskriftar- og innlausnarþóknun þessara undirliggjandi sjóða sem deilt er með
- hreinni meðaleign sjóðsins.

Eins og fram kemur í fyrri undirgrein skal áskriftar- og innlausnarþóknun undirliggjandi sjóða vera innifalin í heildarkostnaðarhlutfalli. Ekki skal innheimta áskriftar- og innlausnarþóknanir þegar undirliggjandi sjóðir tilheyra sömu aðilum, skv. 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 85/611/EBE.

Þegar undirliggjandi sjóður sem ekki er verðbréfasjóður birtir ekki heildarkostnaðarhlutfall, samkvæmt þessum viðauka, skal birting upplýsinga um kostnað aðlöguð á eftirfarandi hátt:

- greina þarf frá því að ekki sé hægt að reikna tilbúið heildarkostnaðarhlutfall fyrir þennan hluta fjárfestingarinnar,
- tilgreina skal í einfaldaðri útboðslýsingu hámarkshlutfall umsjónarþóknana sem undirliggjandi sjóður(ir) skulu greiða,.
- tilbúin tala yfir væntanlegan heildarkostnað með því að reikna:
- tilbúið heildarkostnaðarhlutfall námundað niður á við sem felur í sér heildarkostnaðarhlutfall hvers undirliggjandi sjóða sem heildarkostnaðarhlutfall er reiknað fyrir samkvæmt þessum viðauka, metið á grundvelli fjárfestingarhlutfalls verðbréfasjóðsins, og
- með því að bæta við áskriftar- og innlausnarþóknunum fyrir hvern hinna undirliggjandi sjóða ásamt besta tiltæka mati á efri mörkum kostnaðar vegna heildarkostnaðarhlutfalls. Í því skal felast hámarks Umsjónarþóknun og síðasta tiltæka árangurstengd þóknun vegna sjóðsins, metið á grundvelli fjárfestingarhlutfalls verðbréfasjóðsins.

#### 6. Regnhlífasjóðir/margþættir sjóðir:

Ef um er að ræða regnhlífasjóði skal reikna heildarkostnaðarhlutfall fyrir hvern undirsjóð. Ef um er að ræða margþætta sjóði þar sem heildarkostnaðarhlutfall er mismunandi eftir flokkum eignarhluta skal reikna og tilgreina sérstaklega heildarkostnaðarhlutfall fyrir hvern flokk eignarhluta. Enn fremur skal, samkvæmt jafnræðisreglu fjárfesta, þegar þóknanir og útgjöld eru mismunandi eftir flokkum, tilgreina þessi mismunandi gjöld sérstaklega í einfaldaðri útboðslýsingu. Í viðbótaryfirliti skal koma fram að hlutlægar viðmiðanir (t.d. fjöldi áskrifta), sem þessi mismunur felst í, að finna í óstytttri útboðslýsingu.

## II. VIÐAUKI

**Veltuhlutfall eignasafns**

Veltuhlutfall verðbréfasafns sjóðs eða, þar sem við á, sjóðsdeildar skal reiknast á eftirfarandi hátt:

Kaup á verðbréfum = X

Sala á verðbréfum = Y

Samtala 1 = Samtala viðskipta í verðbréfum = X + Y

Útgáfa/Áskrifir hlutdeildarskírteina sjóðsins = S

Ógildingar/Innlausnir hlutdeildarskírteina sjóðsins = T

Samtala 2 = Samtala viðskipta með hlutdeildarskírteini sjóðsins = S + T

Viðmiðun meðaltals hreinnar heildareignar = M

$$\text{Veltuhlutfall} = \left[ \frac{(\text{Samtala 1} - \text{Samtala 2})}{M} \right] * 100$$

Viðmiðun meðaltals hreinnar heildareignar svarar til meðaltals verðmætis hreinnar eignar sem er reiknað með sömu tíðni og gert er skv. 3. mgr. 1. gr. I. viðauka. Veltuhlutfall sem tilgreint er skal svara til tímabilsins eða tímabilanna sem heildarkostnaðarhlutfall er tilgreint fyrir. Í einfaldaðri útboðslýsingu skal í öllum tilvikum vera greinileg vísun í hvar upplýsingarnar er að finna (t.d. vefsetur sjóðsins) þar sem fjárfestirinn getur fengið tölur frá fyrri tímabilum.

---